

Þegar Norræna ráðherranefndin fær börn og ungmenni til að taka þátt í starfi sínu

Reglur og verkferlar



Norræna
ráðherranefndin

**Þegar Norræna ráðherranefndin fær börn og ungmenni
til að taka þátt í starfi sínu**
Reglur og verkferlar

Nord 2020:017

ISBN 978-92-893-6518-5 (PDF)

ISBN 978-92-893-6519-2 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/nord2020-017>

© Norræna ráðherranefndin 2020

Umbrot: Louise Jeppesen

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflid í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skípa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub.

Þegar Norræna ráðherranefndin fær börn og ung- menni til að taka þátt í starfi sínu

Reglur og verkferlar

Efnisyfirlit

Inngangur	04
Viðmiðunarreglur þegar börn og ungmenni eru þátttakendur í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar	06
Lágmarkskröfur þegar börn og ungmenni taka þátt í og hafa áhrif á starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar	08
Meðvitað val á börnum og ungmendum	11
Reglur um vernd á réttindum barna	13
Heimildir og innblástur	15
Stuðningsefni frá Norrænu ráðherranefndinni	15

INNGANGUR

Velliðan barna og ungmenna og tækifæri þeirra til að njóta réttar síns er forsendan fyrir því að Norðurlönd haldi áfram að þróast. Norrænu ráðherranefndinni ber að stuðla að því að Norðurlönd verði leiðandi og hafi forystu um mótun samfélags sem gefur svigrúm fyrir réttindi og ólík sjónarmið barna og ungmenna og hafi þannig áhrif á samfélagsþróunina. Því ber ráðherranefndinni að starfa út frá þeirri nálgun að öll börn og ungmenni skipti máli hér og nú, ekki bara í framtíðinni. Börn og ungmenni eru markhópar sem njóta forgangs hjá Norrænu ráðherranefndinni. Á grundvelli þessa á Norræna ráðherranefndin að flétta sjónarmið réttinda barna og málefni ungmenna í starf sitt.

Því markmiði að flétta sjónarmið réttinda barna og málefni ungmenna í auknum mæli inn í starfið fylgir einnig sú ábyrgð að tryggja að starfið sé unnið í anda nokkurra viðmiðunarreglna, með sameiginlegri lágmarksaðkomu barna og ungmenna og umfram allt með hætti sem verndar öryggi barna. Þetta rit á erindi í öllum þeim tilvikum þegar haft er samband við börn og ungmenni eða þegar þau taka þátt í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar, t.d. í pallborði (þátttakendur), í rýnihóp (til að gefa álit eða sem fulltrúar hóps barna og ungmenna) eða koma fram í fjölmiðlum.

Með þessu riti fastsetur Norræna ráðherranefndin sameiginlegar forsendur og viðmið til að flétta sjónarmið réttinda barna og málefni ungmenna inn í starf sitt. Alltaf má hafa samband við Norrænu barna- og ungmennanefndina (NORDBUK) og fagraðgjafa um málefni barna og ungmenna hjá Norrænu ráðherranefndinni til að fá aðstoð við starfið.

Norræna ráðherranefndin skilgreinir markhópin „börn og ungmenni“ sem alla á aldrinum 0–25 ára sem er töluvert breiðari skilgreining en t.a.m. skilgreining barnasáttmálans sem nær til einstaklinga upp að 18 ára aldri.

VIÐMIÐUNARREGLUR ÞEGAR BÖRN OG UNGMENNI ERU ÞÁTTTAKENDUR Í STARFI NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR

Norrænu ráðherranefndinni ber að vinna á grundvelli Barnasáttmála SP og standa vörð um og efla réttindi barna og ungmenna og gefa þeim kost á að nýta réttindi sín og taka virkan þátt í samfélaginu. Því skal Norræna ráðherranefndin fylgja eftirfarandi grundvallarreglum í öllu starfi sínu í sambandi við börn og ungmenni. Reglurnar eru sóttar í almenna athugasemd númer 12 (2009) við Barnasáttmálann og eru grundvallarkröfur sem hafa skal að leiðarljósi við alla verkferla sem varða börn og ungmenni.

VERKFERLARNIR SKULU:

vera gagnsæir og upplýsandi: Börn og ungmenni verða að fá heildstæðar og aðgengilegar upplýsingar sem taka tillit til fjölbreytileika og eru í samræmi við aldur þeirra.

vera valkvæðir: Aldrei skal þvinga börn og ungmenni til að tjá skoðanir sínar gegn vilja sínum.

helgast af virðingu: Nálgast skal skoðanir barna og ungs fólks af virðingu og börnum á að gefast færi á að eiga frumkvæði að hugmyndum og aðgerðum.

vera viðeigandi: Þau málefni sem börn og ungmenni tjá skoðanir sínar á skulu hafa raunverulegt vægi í lífi þeirra og

vera þess eðlis að þau geti nýtt til þess kunnáttu sína, færni og getu.

vera barnvænir: Umhverfi og starfsaðferðir ber að aðlaga að getu barnanna.

vera inngildandi: Börn og ungmenni eru ekki einsleitur hópur og þátttakendur verða að fá jöfn tækifæri án nokkurrar mismununar.

grundvallast á fræðslu og þjálfun: Fullorðnir þurfa undirbúning, stuðning og færni til að geta greitt fyrir þátttöku barna á árangursríkan hátt. Börn og ungmenni sem gegna hlutverki leiðbeinenda eða þjálfara þurfa að búa yfir sérstakri færni. Þau þurfa til dæmis að vera meðvituð um réttindi sín og fá þjálfun í að skipuleggja fundi, eiga samskipti við fjölmíðla, tala opinberlega og móta sér skoðanir.

einkennast af öryggi og áhættuvitund: Það getur verið áhættusamt að tjá skoðanir sínar. Það er á ábyrgð fullorðinna að lágmarka hættuna á að börn verði fyrir ofbeldi, misbeitingu eða öðrum neikvæðum afleiðingum vegna þátttöku sinnar.

grundvallast á ábyrgð: Við rannsóknir eða samráð skal alltaf upplýsa börn og ungmenni um hvernig skoðanir þeirra eru túlkaðar og þeim skal gefinn kostur á að hafa áhrif á niðurstöðurnar. Börnum skal einnig gefið tækifæri til að leggja fram kvörtun um niðurstöður greiningarinnar.

LÁGMARKSKRÖFUR ÞEGAR BÖRN OG UNGMENNI TAKA ÞÁTT Í OG HAFA ÁHRIF Á STARFSEMI NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR

Hver eining innan Norrænu ráðherranefndarinnar ber sjálf ábyrgð á að flétta sjónarmið réttinda barna og málefni ungmenna í starf sitt. Vitanlega fer það eftir málaflökkum hvað sjónarmið barnaréttinda og ungmenna geta og eiga að veða þungt. Í þeim tilvikum þar sem starfsfólk Norrænu ráðherranefndarinnar eða samstarfsaðilar greina þörf á aðkomu ungs fólks þarf að tryggja að hún sé framkvæmd á samræmdan hátt. Með eftirfarandi lágmarkskröfum vill Norræna ráðherranefndin fastsetja ákveðin lágmarksskilyrði sem skulu gilda um allar kringumstæður þar sem börn eða ungmenni taka þátt í starfinu eða eru til samráðs.

FYRIR ÞÁTTTÖKU

- Þegar verkefni kallar á aðkomu barna eða ungs fólks skal tryggja nægan undirbúningstíma og einnig fjármagn, svo hægt sé að undirbúa og útfæra þátttökuna í samræmi við viðmiðin sem sett eru fram í þessu riti. Til dæmis getur verið þörf á tíma fyrir samráð og fjármagn vegna kostnaðar við túlka og fylgdarmenn.
- Þegar valin eru börn og ungmenni til að taka þátt skulu forsendur valsins vera bæði skýrar og gagnsæjar (sjá nánar í næsta kafla).

- Útbúa skal upplýsingar um viðburðinn sem eru aðgengilegar börnum og þýða á þau tungumál sem þörf er á.
- Greinargóð lýsing skal vera tiltæk á því hlutverki sem börnum og ungmennum er ætlað að gegna. Hlutverk Norrænu ráðherranefndarinnar í sjálfu verkefninu skal einnig vera skýrt.
- Á viðburðum þar sem börn eru þátttakendur skal húsnæði vera barnvænt og aðgengilegt öllum börnum jafnt sem ungmennum og fullorðnum.

Á MEÐAN ÞÁTTTÖKU STENDUR

- Börn sem taka þátt skulu fá tækifæri til jafns við fullorðna til að hafa framsögur, kynningar eða láta skoðanir sínar í ljós og innlegg þeirra skal færa til bókar á sama hátt og annarra þátttakenda.
- Börnum skal gert kleift að tjá sig á móðurmáli sínu (þar með talið með aðstoð táknaðs- og/eða rittúlkunar), hvort sem það krefst túlks eða ekki.
- Þegar börn koma fyrir eða tjá sig í fjölmiðlum er mikilvægt að tryggja að börnin skilji hvað í því felst og séu meðvituð um hvar og hvernig það gæti birst og verið notað.
- Einstaklingar sem eiga bein samskipti við börnin á meðan viðburðinum stendur þurfa að búa yfir reynslu og færni í að mæta börnum með opnum hug og án nokkurrar mismununar.

- Þegar börn og ungmenni á ólíkum aldri taka þátt er mikilvægt að á staðnum sé fullorðið fólk með það hlutverk að aðstoða þau, til að koma í veg fyrir að sú ábyrgð lendi á börnunum sem eldri eru.
- Velferð barnsins skal vera í fyrirrúmi í öllu þátttökugerlinu.

EFTIR ÞÁTTTÖKU

- Meta skal upplifun barnanna af þátttökunni og við matið skulu börnin sjálf fá að greina frá upplifun sinni.
- Veita skal börnunum endurgjöf um hvaða áhrif þátttaka þeirra hafði eða hver útkoman var.

Munið: Það er ekki bara um EITT sjónarmið barna og ungs fólks að ræða. Rétt eins og fullorðnir eru börn og ungt fólk fjölbreytilegur hópur þar sem mörg mismunandi sjónarmið og reynsluheimar mætast. Því má aldrei gera ráð fyrir því að eitt barn eða eitt ungmenni sé málsvari fyrir börn og ungmenni sem hóps. Einungis þegar börn og ungmenni koma fram sem fulltrúar fyrir samtök má gera ráð fyrir þau tali frá breiðara sjónarhorni en sínu eigin.

MEÐVITAÐ VAL Á BÖRNUM OG UNGMENNUM

Í öllum tilvikum þar sem börn og ungmenni eru fengin til að taka þátt í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar er mikilvægt að tekin sé meðvituð ákvörðun um til HVAÐA barna og ungmenna leitað er. Hér eins og annars staðar, stýrist valið á þátttakendum af því hver tilgangurinn með þátttökunni er. Til viðbótar við viðmiðunarreglurnar hér á undan skaltu hafa eftirfarandi atriði í huga við valið:

HÆFI OG FÆRNI: Hvers konar framlags er vænst af þeim börnum og ungmennum sem taka þátt eða hvaða ávinning má ætla að þau hafi sjálf af þátttökunni? Mikilvægt er að tryggja að tilgangurinn með aðkomu þeirra sé vel skilgreindur – ef svo er ekki er erfitt að greina hvaða börn og ungmenni ættu að taka þátt.

FULLTRÚI STÆRRI HÓPS eða stakur SÉRFRÆÐINGUR:

Er þess vænst að börn og ungmenni tali fyrir hönd stærri hóps barna og ungmenna? Þá ættir þú að leita til æskulýðs- og ungmennasamtaka sem velja fulltrúa sína eftir lýðræðislegum ferlum. Til er fjöldi samtaka með ólíkar áherslur og innri starfsemi. Ef þú vilt umræðu um tiltekið málefni getur þú í staðinn kallað eftir börnum og ungmennum sem eru sérfræðingar í því tiltekna málefni – hvort sem þau tilheyra samtökum eða ekki. Brýnt er að það komi skýrt fram, bæði í vali á þátttakendum og í samskiptum, hvort þátttakendur séu fulltrúar fyrir sig sjálf, ákveðin samtök eða hóp ungmenna.

FJÖLBREYTILEIKI: Mikilvægt er að fá börn og ungmenni með fjölbreyttan bakgrunn og lífsreynslu til að taka þátt. Í því samhengi skal taka tillit til breyta á borð við kyn, kynvitund eða -tjáningu, þjóðernisuppruna, trú eða aðra lífsskoðun, fötlun, kynhneigð og aldur.

ALDUR: Þegar kemur að því að greina til hvaða aldurshóps mikilvægast er að ná skiptir auðvitað máli hvert málefnið er. Auk aldurs getur einnig þurft að horfa til þroska í þessu sambandi. Það getur verið freistandi að fá frekar eldri börn og ungmenni til að taka þátt því þau útheimta síður víðtækar ráðstafanir en þau sem eru yngri. Þó ber að muna að jafnvel yngstu börnin eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og að á þær sé hlustað.

BOÐRÁSIR: Gegnum hvaða boðrásir nærðu til þeirra barna og ungmenna sem þú vilt ná til? Til að geta greint bestu leiðina til að ná til barna og ungmenna þarftu fyrst að spyrja þig hvar börnin og ungmennin sem þú vilt ná til halda sig. Í því sambandi getur þú til dæmis horft til skóla, samfélagsmiðla eða félagasamtaka. Oft er einhver tiltekinn aðili lykillinn að því að ná til rétta hópsins. Skólustjóri getur til dæmis komið fyrirspurn áfram til kennara og þannig náð til barna og ungs fólks.

REGLUR UM VERND Á RÉTTINDUM BARNA

Auk þess að tryggja að börn og ungmenni hafi aðkomu að starfi Norrænu ráðherranefndarinnar og að þátttakan sé útfærð á ígrundaðan og virðingarfullan hátt, er jafnframt nauðsynlegt að standa vörð um öryggi barna og ungmenna þegar þau taka þátt í starfinu. Með eftirfarandi öryggisreglum vill Norræna ráðherranefndin því fastsetja ábyrgð starfsfólks og samstarfsaðila sinna á að framferði þeirra sé á þann hátt að öryggis barnanna sé gætt og að þau greini frá því ef aðstæður ógna velferð barna og ungmenna.

Sem starfsmaður eða samstarfsaðili berð þú ábyrgð á eftirfarandi atriðum, sem eru sérstaklega brýn þegar börn og ungmenni undir 18 ára aldri taka þátt í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar:

1. Börnum og ungmennum skal gefinn kostur á að veita skriflegt samþykki fyrir að persónuupplýsingum um þau sé deilt. Í þeim tilvikum þar sem börn eru of ung til að veita samþykki sjálf skal gefa forráðamönnum þeirra kost á að veita skriflegt samþykki fyrir að persónuupplýsingum um barnið sé deilt.
2. Tilkynntu um hvers konar líkamlega eða andlega misnotkun eða ef þig grunar að komið sé illa fram við börn eða ungmenni. Ef um er að ræða

óviðeigandi framferði starfsmanns gagnvart barni skal hafa samband við mannauðssvið Norrænu ráðherranefndarinnar í samræmi við reglur um ósæmilega hegðun. Hafi einhver annar uppi óviðeigandi framferði gagnvart barni skal tilkynna það í samræmi við reglur landsins sem á í hlut.

- 3.** Ekki deila tengiliðaupplýsingum þínum með börnum eða ungmennum eða samþykkja vinabeiðnir á samfélagsmiðlum nema um starfstengda miðla sé um að ræða.
- 4.** Börnum undir 18 ára aldri skal bjóðast að hafa með sér fylgdarmann, fullorðinn einstakling sem fylgir barninu á viðburðinum eða verkefninu sem barnið hefur aðkomu að. Gera skal ráð fyrir kostnaði við fylgdarmenn þegar þátttaka barna er skipulögð.
- 5.** Tryggðu svokallað tveir-á-móti-einum-hlutfall milli fullorðinna og barna – að fyrir hvert barn sem tekur þátt í starfinu séu að minnsta kosti tveir fullorðnir nálægir á hverri stundu.
- 6.** Notfærðu þér aldrei barn og hagaðu þér aldrei á hátt sem brýtur gegn réttindum barnsins eða stefnir öryggi þess í hættu. Að biðja barn eða ungmenni um leyfi til að víkja frá einhverri af þeim reglum sem lagðar eru fram í þessu riti er eitt dæmi um slíkt brot.

HEIMILDIR OG INNBLÁSTUR

Evrópuráðið: Child safeguarding policy:

<https://rm.coe.int/child-safeguarding-policy-children-s-rights-division-22-may-2018-as-up/16808c8b91>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:

<https://www.ohchr.org/en/professionalinterest/pages/crc.aspx>

Rädda barnen: Child safeguarding –
safe and secure programmes for children:

https://www.raddabarnen.se/globalassets/dokument/medlem--volontar/tryggare-tillsammans/tryggare-tillsammans-child-safeguarding-policy_inkl_bilagor_-eng.pdf

STUÐNINGSEFNI FRÁ NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI

Ert þú með réttu gleraugun?: Stuðningsefni til að
samþætta sjónarmið barnaréttinda og ungmenna
við starf Norrænu ráðherranefndarinnar

<http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden:org:diva-4399>

Do rights!

Nordic perspectives on child and youth participation

<http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden:org:diva-4387>



Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

Velliðan barna og ungmenna og tækifæri þeirra til að njóta réttar síns er forsendan fyrir því að Norðurlönd haldi áfram að þróast. Norrænu ráðherranefndinni ber að stuðla að því að Norðurlönd verði leiðandi og hafi forystu um mótun samfélags sem gefur svigrúm fyrir réttindi og ólík sjónarmið barna og ungmenna og hafi þannig áhrif á samfélagsþróunina. Á grundvelli þessa á Norræna ráðherranefndin að flétta sjónarmið réttinda barna og málefni ungmenna í starf sitt.

Því markmiði að flétta sjónarmið réttinda barna og málefni ungmenna í auknum mæli inn í starfið fylgir einnig sú ábyrgð að tryggja að starfið sé unnið í anda nokkurra viðmiðunarreglna, með sameiginlegri lágmarksaðkomu barna og ungmenna og umfram allt með hætti sem verndar öryggi barna. Þetta rit á erindi í öllum þeim tilvikum þegar haft er samband við börn og ungmenni eða þegar þau taka þátt í starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.